

# KJARASAMNINGUR

milli

Verkalýðsfélags Vestfirðinga

og

Samtaka atvinnulífsins vegna Þörungaverksmiðjunnar

## 1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning SA og Verkalýðsfélags Vestfirðinga vegna Þörungaverksmiðjunnar.

## 2. gr.

### Inngangur - megininntak

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var milli SA og sambanda og félaga ASÍ í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samningurinn kveður einnig á um framleiðniauka til alls launafólks, sem byggir á mældri framleiðni, og kauptaxtauka á kauptaxta kjarasamninga.

## 3. gr.

### Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

### Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. febrúar 2024:	3,25%
1. janúar 2025:	3,50%
1. janúar 2026:	3,50%
1. janúar 2027:	3,50%

## 4. gr.

### Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um kauptaxtauka og framleiðniauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning

þennan. Komi til þess að almennum kjarasamningunum frá mars 2024 verði sagt upp er STF heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

### **Gildistími**

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

### **Afgreiðsla kjarasamningsins**

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir 15. júlí 2024.

Reykholum 5. júlí 2024

F.h. Verkalýðsfélags Vestfirðinga

F.h. Samtaka atvinnulífsins

## Launataxtar á samningstímanum

### Launatafla 1 - vaktmenn

	<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
Byrjunarlaun	446.138	471.122	496.091	520.896
Eftir 1 ár	450.599	475.833	501.052	526.105
Eftir 3 ár	460.011	485.772	511.518	537.094
Eftir 5 ár	476.538	503.224	529.895	556.390

### Launatafla 2 - dagvinnumenn

	<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
Byrjunarlaun	467.264	493.431	519.583	545.562
Eftir 1 ár	471.936	498.364	524.777	549.516
Eftir 3 ár	478.701	502.451	526.201	551.451
Eftir 5 ár	494.539	518.289	542.039	565.789

## Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Á árinu 2024	157.418
Á árinu 2025	162.928
Á árinu 2026	168.630
Á árinu 2027	174.532

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr.	143.012
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr.	148.017
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr.	153.198
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr.	158.560

	<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
	pr. mán.	pr. mán.	pr. mán.	pr. mán.
<b>Löndunarálag</b>	17.600	18.216	18.854	19.514

	<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
	pr. mán.	pr. mán.	pr. mán.	pr. mán.
<b>Mætingabónus</b>	23.960	24.799	25.667	26.565

## **þó ekki vaktmenn.**

Sólarlagsákvæði, þ.e. gildir ekki um nýja starfsmenn

## Öryggis- og umgengishvati skv. fyrirtækjasamningi verði:

Hámarks heildargreiðsla á ári, þ.e. 12 x fullur mánaðarhvati + árlegur hvati ef ekkert slys

<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
324.431	342.600	360.757	378.796

Árlegur hvati ef ekkert slys

<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
216.288	228.400	240.505	252.530

Fullur hvati á mánuði

<b>1.2.2024</b>	<b>1.1.2025</b>	<b>1.1.2026</b>	<b>1.1.2027</b>
9.012	9.517	10.021	10.522